

Takk fyrir þetta
Við fögnum allri vinnu í þessa átt, og hlökkum til að lesa drögin :-)
Stjórn Vorstehdeildar

On 03.05.2016 13:50, Guðmundur A Guðmundsson wrote:
Til stjórnar vorstehdeildar,

Stjórn HRFÍ fagnar tillögu vorstehdeildar um að settar verði siðareglur fyrir veiðiprófdómara og þakkar viðbrögð deildarinnar við svari framkvæmdarstjóra varðandi erindi ykkar. Svar framkvæmdastjóra var stutt og óskýrt og hefur því miður valdið óþarfa misskilningi og urgi í ykkar röðum. Þannig er mál með vexti að mér var falið á 12. stjórnarfundum HRFÍ þann 7. apríl s.l. að þýða norsku siðareglur veiðiprófdómara í tegundahópi 7. Jafnframt var óskað eftir að ég mundi reyna að leiða til lykta endurskoðun á reglum um dómaraánám og og um skipan dómaraáráðs tegundahóps 7, starf sem Ólafur E. Jóhannsson fyrrverandi stórnarmaður leiddi en legið hefur í láginni síðan hann hætti í stjórn. Þá fannst mér liggja beint við að siðareglurnar, þegar þær hafa verið samþykktar af þeim er málið varðar (stjórnun deilda fyrir hönd almennra félagsmanna og þátttakenda í prófum og svo fulltrúum dómara), verði settar í þennan sama reglupakka um dómaraánámið.

Staðan í dag er sú að fyrstu þýðingu norsku siðareglunnanna er lokið. Ég hef undanfarið kannað hjá retrieverdeild hvort grundvöllur sé á að nota sömu siðareglur fyrir dómara í tegundahópi 8. Þar er málið stutt núna. Formaður retrieverdeildar hefur lagt til örlitlar orðalagsbreytingar varðandi þátttöku í prófum sem eru í eðli sínu ólík í framkvæmd. Allt varðandi siði og framkomu dómara er óbreytt frá norsku reglunum. Innan skamms verður hafist handa við að setja allt umrætt regluverk í síðasta umsagnarferli hjá deildum innan tegundahóps 7 sem vonandi næst samstaða um svo stjórn geti losins lokið því máli með samþykki sínu. Jafnframt mun ég leggja til við formann retrieverdeildar að hann óski eftir að dómaraáráð tegundahóps 8 fjalli um málið í von um að sömu reglur megi gilda fyrir báða tegundahópa.

Ég fagna jákvæðri afstöðu stjórnar vorsehdeildar til að taka upp norsku reglurnar óbreyttar í íslenskri þýðingu. Hjálögð eru drög að íslenskri þýðingu með smávægilegri aðlögun á tegundahópi 8. Allar athugasemdir eru að sjálfsögðu vel þagnar.

Fyrir hönd stjórnar HRFÍ,

Guðmundur A. Guðmundsson